

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfoss, 29. mars 2019
Tilvísun: 1903687

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi

Vísað er í beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn vegna frumvarps til laga um fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), 647. mál.

Verður nú fjallað um einstakar greinar frumvarpsins sem stofnunin telur ástæðu til að gera athugasemdir við eða eftir atvikum að vekja sérstaka athygli á og eftir því sem tilefni gefst til koma með tillögum að breytingum.

1. Kafli. Breyting á lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, með síðari breytingum.

- **7. gr.**

Breytingar á áhættumati.

Ljóst er að breytingar á áhættumati sem Hafrannsóknastofnun ber að framkvæma eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti geta haft gríðarleg áhrif á rekstrarumhverfi fiskeldisfyrirtækja og einnig geta komið sjónarmið um hvernig megi draga úr tjóni vegna breytts mats, varðandi sláturtíma, flutning o.s.frv. Auðvelt er að teikna upp tilvik þar sem breytingar á mati geta umturnað rekstri án þess að fiskeldisfyrirtækjum sé gefið ráðrúm til að bregðast við, þá getur almennur ómöguleiki jafnvel hindrað slíkar breytingar á umfangi endisins. MAST telur því nauðsynlegt að tekið verði á því í frumvarpinu hvort og þá með hvaða hætti heimilt verður að taka tillit til hagsmuna fiskeldisfyrirtækja s.s. varðandi tímafresti.

Einnig bendir stofnunin á að breytingar á áhættumati kunna að leiða til þess að magn frjórna laxa verði aukið. Stofnunin telur rétt að kveðið sé á um það í lögnum hvernig standa skuli að úthlutun í slíkum tilvikum, ella kann að vera veruleg óvissa um hvernig sú úthlutun verði framkvæmd.

Breytingar á burðarbolsmati.

Sömu sjónarmið eiga við hér eins og um áhættumat varðandi umfangsmiklar breytingar á starfsumhverfi fiskeldisfyrirtækja og nauðsyn á að tekið verði á því í frumvarpinu hvort og þá með hvaða hætti heimilt verður að taka tillit til hagsmuna fiskeldisfyrirtækja s.s. varðandi tímafresti. Vísað er í texta hér að ofan varðandi þessi sjónarmið.

Um áhættumat erfðablöndunar.

Áhættumati um erfðablöndun er ætlað að verja villta laxastofna fyrir kynblöndun við eldislax. Áhættumatið verður í sífellri endurskoðun og verður gefið út svo oft sem þörf þykir en þó aldrei sjaldnar en á þriggja ára fresti. MAST tekur undir þau sjónarmið að slíkt mat verði ávallt að byggjast á vísindalegum grunni og bestu fáanlegu gögnum sem fyrir liggja á hverjum tíma. MAST vekur einnig athygli á því að eldi á ófrjóum laxi er enn á byrjunarstigi hér á landi.

Tillaga að breyttu orðalagi.

Í greinargerð með frumvarpinu (bls. 32) er fjallað um lífmassa á eldissvæði í þrígang. MAST telur nauðsynlegt gera breytingar í greinargerðinni þar sem rekstrarleyfi MAST geta verið gefin út fyrir umfangsmeiri svæði heldur en eldissvæði. Rétt væri því að breyta textanum á þann hátt að fjallað væri um lífmassa samkvæmt rekstrarleyfi.

- **15. gr.**

MAST gerir athugasemdir við 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins um innra eftirlit í sjókvíaeldisstöðvum með sníkjudýrum og þann farveg sem vöktunarniðurstöður og viðbrögð við sníkjudýrasýkingum eiga að fara í. MAST gerir annars vegar athugasemd við að stofnuninni verði gert að leita umsagnar Hafrannsóknarstofnunar áður en ákvörðun um aðgerðir er tekin og hinsvegar hvernig skuli standa að aðgerðum þegar sníkjudýra verður vart í eldi.

MAST er sérfræðistofnun í sjúkdómum og velferð eldisfisks og stjórnábyrgð dýrasjúkdóma fer fram hjá henni. Mikilvægt er að hægt sé að bregðast skjótt við tilvikum þar sem vart verður við laxalús, ákvæði um umsagnarferli áður en hægt er að taka ákvörðun um aðgerðir er ekki til þess fallið að tryggja slíkt. Bent er á að í dag er starfandi skv. 4. gr. laga nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum sérstök fisksjúkdómanefnd þar sem sæti eiga tveir fulltrúar Hafrannsóknarstofnunar, en sú nefnd er MAST til ráðgjafar við framkvæmd laganna, þ.m.t. fjallar nefndin um allar beiðnir um lyfjameðhöndlun vegna sníkjudýra. Stofnunin telur því að aðkoma Hafrannsóknarstofnunar að þessum málum sé tryggð með fullnægjandi hætti.

Þá telur stofnunin ekki rétt að ákvæði um vöktun og viðbrögð sé að finna í lögum um fiskeldi, heldur væri betra að kveða á um slík í reglugerð. Stofnunin leggur því til að kveðið verði á um heimild fyrir ráðherra til að gefa út reglugerð þar sem skilyrði og útfærsla á vöktun og viðbrögðum við sníkjudýrum (laxalús) yrðu ákvæðin. Sjá má fyrir sér að í reglugerð yrði fjallað nánar um viðmið lúsasmits og leyfilegar aðgerðir, jafnvel einhverja „cascade“ reglu um þau verkfæri sem hægt væri að grípa til við meðhöndlun sníkjudýra. Mikilvægt er að skilyrði og markmið séu skýr svo að aðgerðir verði samkvæmt þeim fyrir mælum sem kveðið er á um í lögum og reglum.

Breytingatillaga MAST er sem hér segir: „*Innra eftirlit sjókvíaeldisstöðvar skal meðal annars fela í sér vöktun og viðbrögð á viðkomu sníkjudýra í eldinu í samræmi við leiðbeiningar sem fram koma í reglugerð sem ráðherra setur. Niðurstöður vöktunar skulu sendar Matvælastofnun sem metur hvort og þá hvaða aðgerða er þörf vegna sníkjudýra í eldinu.*

Matvælastofnun skal leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar áður en ákvörðun um aðgerðir er tekin. Niðurstöður vöktunar og skal birta opinberlega í samræmi við 19. gr. b. Matvælastofnun er heimilt að fyrirskipa aðgerðir, ef nauðsyn krefur, vegna sníkjudýra í eldi."

- **16. gr.**

Í b-lið ákvæðisins er fjallað um mánaðarlega skýrslugjöf til MAST. Til að nýta kosti rafrænnar stjórnýslu og auka hagkvæmni og öryggi við þessa gagnaöflun leggur MAST til að ákvæðið verði sett inn í frumvarpið sem skyldar rekstrarleyfishafa til þess að skrá upplýsingar um reksturinn í gagnagrunn sem stofnunin telur að nauðsynlegt að setja á laggirnar. Slíkur gagnagrunnur er ekki til staðar í dag en rétt er að veita stofnuninni heimild til þess að afla þessara upplýsinga þegar að stofnunin er tilbúin til þess.

MAST leggur til eftirfarandi við b-lið ákvæðisins: „*Matvælastofnun er heimilt að framkvæma upplýsingaöflun með rafrænum hætti og skylda rekstrarleyfishafa til að skrá upplýsingarnar í gagnagrunn sem stofnunin leggur til.*“

- **17. gr.**

MAST gerir athugasemd við 17. gr. frumvarpsins (áður 19. gr. b.) um birtingu upplýsinga úr eftirliti og um framleiðslu. Í ákvæðinu er stofnuninni gert að birta upplýsingar um dauða eldisdýra en það ekki skilgreint nánar. MAST telur að ákvæðið sé of víðtækt enda eru afföll af eldisfiski með þeim hætti að daglega er safnað saman dauðum fiski. Slíkur afföll er eðlilegur hluti af rekstri fiskeldisstöðva. Stofnunin telur því rétt að miða upplýsingagjöf til almennings við þau tilvik þar sem um óeðlileg afföll er að ræða.

MAST leggur því til eftirfarandi breytingartillögu sem hér segir: „*Upplýsingar um slysasleppingar og tilkynningarskylda sjúkdóma, svo sem um laxalús, óeðlileg afföll eldisdýra eða slæma meðferð á eldisdýri, skal Matvælastofnun birta opinberlega þegar slíks verður vart.*“

- **21. gr.**

Það þarf að skoða tilvísanir í 21. gr. d lið ákvæðisins um stjórnvaldssektir.

Í d. lið er fjallað um tilvik þar sem mál beinast gegn einstaklingum og heimild hans til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Í lögnum og frumvarpinu er gert ráð fyrir tilkynningarskyldu og upplýsingagjöf t.d. í tilvikum varðandi slysasleppingar og að veita beri allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast við framkvæmd eftirlits. Jafnframt er skylt að veita óhindraðan aðgang til eftirlits.

Erfitt er því að átta sig á samspili þessara reglna og hvort þessi réttur einstaklinga geti valdið frekari tjóni með því að upplýsa ekki um tilvik sem veita ber eftirlitsaðila. Þannig getur ákvæðið hindrað að eðlilegan farveg milli aðilans og MAST og hindrað rannsókn.

- **23. gr.**

Skoða þarf texta í greinargerð með ákvæði til bráðabirgða II, þ.e. „Við endurnýjun rekstrarleyfa útgefinna á grundvelli þessara umsókna skulu gilda kröfur laga, sem um þau gilda þegar gildistími þeirra rennur út. Rekstrarleyfi útgefin á grundvelli þessara umsagna ber þannig ekki að auglýsa og úthluta skv. 4. gr. a þegar kemur að endurnýjun þeirra ef þau uppfylla lagakröfur á þeim tíma þegar þau renna út.“

Hér hlýtur að vera átt við að rekstrarleyfi útgefin á grundvelli þessara umsókna ber þannig ekki að auglýsa og úthluta...

MAST telur jafnframt rétt að ákvæðið sjálft kveði skýrar á um hvernig skuli fara við endurnýjun á rekstrarleyfum þegar þau renna sitt skeið á enda, þ.e. þeim leyfum sem þegar hafa verið gefin út eða munu verða gefin út á næstu misserum á grundvelli þess að burðarþol hafi verið metið.

II. Kafli. Breyting á lögum nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum, með síðari breytingum.

- **24. gr**

Hér er um nýtt ákvæði að ræða um framsal á eftirliti með fisksjúkdómum. Engin umræða hefur farið fram um slíkt framsal og ekki er gerð sérstaklega grein fyrir ástæðum og tilgangi í greinargerðinni. Stofnunin telur nauðsynlegt að hugað verði betur að þessu ákvæði.

- **25. gr**

Vísað er til athugasemdar um 15. gr. um innra eftirlit (lúsavöktun og aðkoma fisksjúkdómanefndar). MAST telur ekki þörf á frekari aðkomu Hafrannsóknastofnunar umfram þátttöku þeirra í fisksjúkdómanefnd.

- **Rannsóknareldi/tilraunaeldi**

MAST leggur til að sérstakt ákvæði verði í lögum er varðar umsóknarferli og útgáfu tilraunaleyfa/rannsóknaleyfa til fiskeldis, þ.e. að það séu sérákvæði umfram eldi í hagnaðarskyni.

Virðingarfyllt
f.h. Matvælastofnunar

Erna Karen Óskarsdóttir

Erna Karen Óskarsdóttir
Fagsviðsstjóri fiskeldis

Sigríður Gísladóttir

Sigríður Gísladóttir
Dýralæknir fisksjúkdóma

Viktor S. Pálsson

Viktor S. Pálsson
Forstöðumaður samhæfingar